

Fiskahamingja

Zhuangzi og Huizi röltu í hægðum sínum út á brúna yfir ána Hao. Zhuangzi sagði: „Sjáðu hvernig vatnakarfarnir svamla og synda um eins og þá lystir; þetta er hamingja fiskanna.” Þá sagði Huizi: „Þú ert ekki fiskur; hvaðan færðu þá vissu að þeir séu hamingjusamir?” „Þú ert ekki ég“, sagði Zhuangzi þá, „hvaðan færðu þá vissu að ég viti ekki að þeir séu hamingjusamir? Huizi svaraði: „Ég er ekki þú og veit því ekki hvað það er að vera þú, en hvað sem öðru líður ertu vissulega ekki fiskur og það er því alveg eins víst að þú vitir ekkert um hamingju fiska.“ Zhuangzi sagði: „Skodum nú málið frá byrjun. Þú sagðir „hvaðan færðu þá vissu að fiskarnir séu hamingjusamir?“ Þú vissir sem sagt að ég vissi það þegar þú spurðir mig. Vissuna fékk ég ofan af brúnni.“

Geir Sigurðsson þýddi úr kínversku

Zhuangzi 莊子, daoískt rit kennt við samnefndan höfund, líklega frá 4. eða 3. öld f.Kr. Þessi þekkingarfræðilega samræða er niðurlag 17. kafla sem nefnist „Haustflóð“.